



Alþingi
Erindi nr. P 139/136
komudagur 12.1.2011

MANNRETTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. janúar 2011

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um rannsóknarnefndir, 139. löggjafarþing 2010 -2011. Þingskjal nr. 426 – 348. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um rannsóknarnefndir. Með frumvarpinu verða sett almenn lög um rannsóknarnefndir og málsmeðferð fyrir þeim, en með hugtakinu rannsóknarnefnd er átt við sérstaklega skipaða rannsóknarnefnd sem falið er að rannsaka tiltekin málsatvik í mikilvægum málum sem almenning varða og tengjast meðferð opinbers valds.

Mannréttindaskrifstofan fagnar frumvarpinu og telur að það styrki stöðu og sjálfstæði löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Mannréttindaskrifstofan gerir ekki sérstakar athugasemdir við hið framlagða frumvarp en vill ítreka að gætt verði að réttaröryggi þeirra einstaklinga sem koma fyrir slíkar rannsóknarnefndir hvort sem þeir sæta rannsókn eða koma aðeins fram sem vitni. Tryggja verður þeim úrræði til að leita réttar síns ef of nærri þeim er gengið á einhvern hátt við rannsókn fyrrgreindra nefnda. Ber þá sérstaklega að líta til friðhelgi einkalífs sem tryggt er í 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og friðhelgi eignarréttarins í 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri